

Fimmtudaginn 1. október 1998.

Nr. 184/1998.

Ákærvaldið(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)
gegn**Theodór Emil Pantazis**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun með vísan til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með áorðnum breytingum og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 27. apríl 1998. Ákærvald krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð og bundin skilorði.

Í greinargerð ákærða fyrir Hæstarétti er því haldið fram, að ósannað sé, að ákærði hafi ætlað að selja ávana- og fíkniefni það, sem hann lét senda til landsins. Hafi hann keypt efnið til eigin neyslu. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun er ekki óskað áfrýjunar í því skyni að fá endurskoðun á sönnunatriðum. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki hróflað við þeirri niðurstöðu héraðsdómara, að ekki sé varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ætlað hluta efnisins til sölu í ágóðaskyni.

Það athugast, að samkvæmt matsgerð Porkels Jóhannessonar prófessors 21. nóvember 1997 reyndist efnið, sem mál þetta er risið af, vera kannabis. Í matsgerðinni er greint frá nánar tilteknu magni tetrahydρόkannabínóls í sýni því, er rannsókn prófessorsins tók til. Ákvæði laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni taka meðal annars til kannabis, sbr. 6. gr. laganna. Sama á við um 2. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sem vísað er til í héraðsdómi, en í fylgiskjali með henni kemur fram, að efnin „cannabis“ og „tetrahydrocannabinola“ eru meðal efna, sem óheimilt er að flytja til Íslands.

Í héraðsdómi segir frá því, að ákærði hafi í september 1996 fengið

skilorðsbundna reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, alls 480 dögum. Reynslulausn þessi tekur til refsingar, sem ákærði tók út hér á landi samkvæmt dómi, er kveðinn var upp 26. apríl 1995 í Svea Hovrátt. Hlaut ákærði fjögurra ára fangelsi fyrir stórfelld fíkniefnabrot.

Fyrir Hæstarétti hafa ekki komið fram haldbær rök, sem gefi efni til að milda eða skilorðsbinda refsingu með hliðsjón af lögmæltum eða ólögmæltum refsíákvörðunarástæðum.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Theodór Emil Pantazis, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 1998.

Mál þetta er höfðað með ákærskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 27. janúar sl., gegn ákærða, Theodór Emil Pantazis, kt. 071062-3769, Nökkvavogi 1, Reykjavík, „fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa seinni hluta október 1997 póstsent hingað til lands frá Kaupmannahöfn 192 g af hassi, sem hann ætlaði til sölu í ágóðaskyni hérlendis, en hassið fannst við leit á tollpóststofunni við Ármúla 28. október.

Framangreind háttsemi ákærða telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að ofangreint fíkniefni, sem lögregla lagði hald á, verði gert upptækt samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Ákærði hefur við rannsókn málsins og meðferð þess játað sakargiftir að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki hafa ætlað efnið til sölu, heldur eigin neyslu. Hann kvað fjárhagsstöðu sína hafa verið mjög bágborna og fjölskylduástæður slæmar vegna alvarlegs heilsubreysts konu sinnar, sem sé í

Frakklandi, og forræðismáls vegna dóttur sinnar, sem rekið er þar í landi. Í kjölfar þessa hafi hann farið að neyta hass daglega, og þar sem efnið hafi verið ódýrara í Kaupmannahöfn, hafi hann keypt efnið þar og sent hingað til lands. Hann hafi farið utan 10. september sl. til Kaupmannahafnar og dvalist þar tæpar þrjár vikur og látið senda hassið í pósti og tiltekið sem viðtakanda tiltekna blómabúð í nágrenni heimilis síns. Hann hafi síðan vaktað póstsendingar þangað og fengið bréfið afhent hjá bréfberanum, en áttað sig á því um 10 mínútum síðar, að skipt hafði verið um efni í bréfinu. Við rannsókn málsins var ákærði ekki um það spurður, hvað hann hefði ætlað að gera með efnið. Fyrir dómi neitaði hann þverlega, að efnið hefði verið ætlað til sölu, en kvaðst hafa keypt það á 3.000 danskar krónur, en kaupverð þess hérlandis verið um tífalt herra.

Ákærði hefur sagt, að hann hafi verið í mikilli fjárþröng og liðið mjög illa á þessum tíma, en neysla hassins verið hið eina, sem veitti sér sálarfrið. Hafi hann neytt hass að andvirði 2.000–3.000 krónur á dag. Framburður hans um það, að hann hafi ætlað allt hassið til einkaneyslu, þykir ótrúverðugur. Þegar litið er til magns hassins, sem ákærða nægði til margra mánaða neyslu, ef mið er tekið af framburði hans, en á þessum tíma var gangverð hass hérlandis um 1800 krónur grammið, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ætlað hluta efnisins til sölu í ágóðaskyni, en hluta þess hafi hann ætlað að neyta sjálfur. Varðar brot hans við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985. Ákvæði reglugerðar nr. 16/1986 eiga hér hins vegar ekki við, þar sem hass er ekki meðal efna, sem talin eru upp í lista merktum B, sem fylgir reglugerðinni, sbr. 2. gr. hennar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur í nóvember 1985 í fjögurra ára fangelsi í Þýskalandi fyrir brot gegn hegningarlögum og fíkniefnalöggjöf vegna innflutnings og sölu mikils magns amfetamíns. Árið 1991 var hann dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í Kaupmannahöfn fyrir hegningar- og fíkniefnalagabrot. Þá var hann dæmdur tvívegis í Frakklandi, annars vegar í desember 1992 í sex mánaða fangelsi, þar af fjóra mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn fíkniefnalögum og hins vegar í maí 1993 í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Ákærði hlaut reynslulausn í september 1996, skilorðsbundið í tvö ár, á eftirstöðvum refsingar, 480 dögum.

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði rofið skilorð framangreindrar reynslulausnar. Ber því nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, og með hliðsjón af 60. gr. sömu laga að dæma hann nú í einu lagi fyrir brot þau, sem hér er fjallað um, og hina 480 daga óloknu refsivist. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Upptæk skulu gerð 192 g af hassi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Theodór Emil Pantazis, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 192 g af hassi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.
